

REGLUGERÐ

um ráðstöfun aflaheimilda fiskveiðiaríð 1995/1996 skv. ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 83/1995, um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

1. gr.

Aflaheimildum er nema 5.000 lestum af þorski miðað við óslægðan fisk, skal úthlutað til þeirra fiskiskipa, sem hafa orðið fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks í þorskígildum talið frá fiskveiðiarínu 1991/1992 til fiskveiðiarísins 1995/1996.

Aflaheimildir af þorski skv. 1. mgr. skal reikna til þorskígilda miðað við verðmætastuðla skv. reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiaríð 1995/1996. Skal Fiskistofa úthluta aflaheimildum þessum til skipa, þannig að skerðing úthlutaðs aflamarks í þorskígildum talið á milli umræddra fiskveiðiará, sbr. 2. gr., umfram tiltekin mörk verði að fullu bætt. Ekkert skip skal þó fá úthlutað meiri aflaheimildum en sem nemur 10 þorskígildislestum.

2. gr.

Fyrir hvert fiskiskip sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflahlutdeild sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skal reikna aflamark fyrir hverja tegund annars vegar fyrir fiskveiðiaríð 1991/1992 og hins vegar fyrir fiskveiðiaríð 1995/1996. Í þessu sambandi skal þó undanskilja skip sem hafa leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð, sbr. lög nr. 54/1992 og skip sem voru á skipaskrá 20. júlí 1995 en hafa síðan verið úrelt skv. lögum nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Skal miðað við aflahlutdeild skipanna í hverri tegund eins og hún var 20. júlí 1995 og úthlutað heildaraflamark hvors fiskveiðiarís fyrir hverja tegund að teknu tilliti til breytinga sem urðu á heildaraflamarki innan fiskveiðiarísins 1991/1992. Við útreikninga þessa skal ekki tekið tillit til úthlutunar á aflaheimildum úr Hagræðingarsjóði á fiskveiðiarínu 1991/1992, sbr. lög nr. 4/1992. Hinsvegar skal taka tillit til úthlutunar til jöfnunar á fiskveiðiarínu 1995/1996 skv. 9. gr. laga nr. 38/1990 við útreikninga þessa. Þannig reiknað aflamark hvers skips fyrir hvort fiskveiðiar um sig skal reiknað til þorskígilda miðað við verðmætastuðla samkvæmt reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiaríð 1995/1996. Sú hlutfallslega breyting sem orðið hefur á aflaheimildum einstakra skipa milli fiskveiðiaranna 1991/1992 og 1995/1996 miðað við framangreindar forsendur, skal lögð til grundvallar við úthlutun skv. 1. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 83, 20. júní 1995, um breytingu á lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. júlí 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.